



Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79.

Breytt deiliskipulag.

Dags. 27. apríl 2022 /2009744

Minnisblað - Athugasemdir við forkynningu deiliskipulagstillögu.

Drög að tillög að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1-3, Þinghólsbrautar 77 og 79 voru forkynnt á vinnslustigi í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 5. nóvember 2021 til 17. febrúar 2022. Á kynningartíma bárust athugasemdir og ábendingar frá íbúum og hagsmunaaðilum sem lagðar voru fram í pdf skrá á fundi skipulagsráðs þann 28. febrúar 2022. Athugasemdum og ábendingum var vísað til úrvinnslu skipulagsdeildar.

Á fundi skipulagsráðs þann 14. mars 2022 var lagt fram minnisblað skipulagsdeildar dags. 7. mars 2022 ásamt ítarlegum atriðalista yfir framkomin sjónarmið í athugasemdum og ábendingum. Skipulagsráð samþykkti að á grundvelli framlagðrar vinnslutillögu og þeirra umsagna, athugasemda og ábendinga er fram komu er vinnslutillagan var kynnt, verði hafin vinna við gerð tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir svæðið.

Á fundi skipulagsráðs þann 4. apríl 2022 var lögð fram tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðanna þar sem unnið hafði verði úr þeim sjónarmiðum sem fram komu og þau höfð til hliðsjónar í útfærslu tillögunnar. Skipulagsráð samþykkti með 5 atkvæðum með tilvísun í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að framlögð tillaga verði auglýst. Var sú afgreiðsla staðfest á fundi bæjarstjórnar 12. s.m.

Þann 20. apríl 2022 barst ábending frá lóðarhafa í Hafnarbraut 9 um að athugasemd dags. 18. janúar 2022 hafi ekki verið á meðal þeirra gagna sem lögð voru fyrir skipulagsráð og ekki höfð til hliðsjónar í skipulagsvinnu í kjölfar forkynningarinnar.

Skipulagsdeild hefur yfirfarið gögn og í kjölfarið uppfært pdf skrá sem lögð var fram í skipulagsráði þann 28. febrúar og bætt við 7 erindum sem ekki voru á listanum

Við yfirferð á greindum 7 erindum sem ekki voru á listanum var ljóst að efnislega sambærilegar athugasemdir höfðu þegar borist og lágu fyrir við samþykkt skipulagsráðs, 4. apríl sl. Að því sögðu þykir ekki ástæða til að uppfæra atriðalista athugasemda dags. 7. mars 2022 þar sem þegar hefur verið gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma í ofangreindum erindum á listanum og voru höfð til hliðsjónar við gerð þeirrar deiliskipulagstillögu sem hefur verið samþykkt í auglýsingu

Það er mat skipulagsdeildar að ekki sé ástæða til að endurskoða tillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1-3, Þinghólsbrautar 77 og 79 á grundvelli þeirra sjónarmiða er fram koma í ofangreindum 7 erindum.